

Hafnarfirði, 27. janúar 2023

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn,

Skólastarfið heldur áfram og er nú fyrstu þremur vikum kennslu að ljúka. Það eru nokkur atriði sem ég vil minna á:

Ritver – þar er hægt að fá stuðning við heimanám og verkefnavinnu. Ritverið er staðsett í hópvinnuherbergi skólans og er opið alla daga vikunnar nema föstudaga, sjá nánar um opnunartíma á heimasíðu skólans.

Raungreinaver – þar geta nemendur fengið aðstoð með verkefni sín í raungreinum og stærðfræði. Raungreinaverið er opið á þriðjudögum frá kl. 15:50 – 16:50

Nemendapjónustu skólans - Námsráðgjafar skólans, þær Helga og Sunna, aðstoða nemendur við skipulag á námi og eru til leiðsagnar varðandi öll þau mál sem geta haft áhrif á námsframvindu og líðan nemenda. Rannveig Klara, nemenda- og kennsluráðgjafi sér um að halda utan um greiningar nemenda og sérúrræði í námi.

Hjúkrunarfræðingur í Koti, á móti stofu H-202 (eðlisfræðistofu). Andrea, hjúkrunarfræðingur er með viðveru á þriðjudags- og fimmtudagsmorgnum og veitir nemendum ráðgjöf er varða geðheilbrigði, kynheilbrigði, félagslegum vanda og almennu heilbrigði.

Ávallt er mikilvægt er að **tilkynna veikindi samdægurs** á INNU og staðfesta þau í framhaldinu, annað hvort með staðfestingu foreldris eða læknavottorði. Einnig, og ávallt, er mikilvægt að **fylgjast vel með náminu á INNU** og vera í sambandi við kennara, ef eitthvað er. Þá vil ég benda nemendum á að á heimasíðu skólans má finna nokkrar **hugleiðsluæfingar**, ef þörf er á að draga andann og ná einbeitingu fyrir lestur og/eða verkefnavinnu, sjá [hér](#), eða auka vellíðan í lífinu almennt.

Þá verð ég einnig að minna nemendur á mikilvægi **netöryggis**, bæði almennt og hérna í skólanum. Skólinn býður öllum nemendum skólans upp á frían aðgang að Office umhverfinu og þar þarf að nota netfang frá skólanum til að skrá sig inn. **Afar mikilvægt** er að vera með öruggt lykilorð, það er hægt að velja sér nýtt lykilorð með rafrænum skilríkjum í gegnum vefsíðuna [lykilorð.menntasky.is](#), sjá leiðbeiningar [hér](#). Einnig er mikilvægt að nemendur **visti ekki lykilorðin sín á vefsíðum**, sbr. INNU, á almennum tölvum skólans, t.d. á Græna torginu eða í tölvustofu.

Morfís lið skólans keppir í 16 liða úrslitum gegn MK mánudaginn 6. febrúar. **Gettu betur** komst svo í 8 liða úrslit og þar með alla leið í sjónvarpssal. Fer sú keppni fram föstudaginn 24. febrúar. **Áfram Flensborg**, alltaf! Svo má segja frá því að undirbúningur fyrir árshátíð skólans er hafinn, einnig góðgerðarviku NFF og margt fleira. Meira um þetta síðar.

Með bestu kveðju,

Erla

Erla S. Ragnarsdóttir
Skólameistari Flensborgarskóla
Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland

www.flensborg.is

S: +354 565 0400/694 7594



HEILSUEFLANDI
framhaldsskóli



JAFNLAUNAVOTTUN
2019 - 2022